

Ég heiti Einar Tönsberg og er jarðfræðingur og tónlistarmaður.

Ég flutti hingað í Kjósina árið 2005 eftir að hafa dvalið í Englandi við nám og störf í 10 ár.

Ég er uppallinn í Reykjavík en eftir dvöl mína erlendis breyttist sýn mín á litla landinu mínu og ég var alveg ákveðin í því að finna mér lóð í Kjósinni þar sem ég hafði gengið með föður mínum í leit að steindum síðan ég man eftir mér. Við gengum um gil og dali en einkum þó um strandlengjuna frá Útskálhamri að Stömpum þar sem ég hef búið í seinni tíð.



Mér finnst hreppurinn hafa staðið sig vel síðustu ár og vil hrósa núverandi hreppsnefnd fyrir störf sín á því kjörtímabili sem er nú að líða undir lok. Miklar framkvæmdir hafa verið í gangi og auðvitað ber hæst að nefna hitaveituna sem er hér loksins komin upp sem og ljósleiðaratengingar. Það er ljóst á að næsta kjörtímabili verður að leggja áherslu á að rekstur veitunnar gangi vel og ná samningum við Reykjavíkurborg um tengingu við ljósleiðarann frá Kjalarnesi.

Umhverfismál hafa verið mér hugleikin síðan ég flutti í Kjósina og hef ég meðal annars setið í stjórn Umhverfisvaktarinnar í Hvalfirði, skrifað um áætlanir um frekari stóriðju við Grundartanga og setið fundi með borgarfulltrúum Reykjavíkur, hreppsnefnd Hvalfjarðarsveitar og stjórn Faxaflóahafna í þeirri von um að við fjörðinn verði ekki bætt við fleiri verksmiðjum. Það hefur ekki verið auðveld barátta en hún hefur þó gengið þokkalega og sérstaklega var gott að koma því í gegn að verksmiðja Silicor þyrfti að ganga í gegnum umhverfismat.

Ég hef nú í eitt ár séð um rekstur Félagsgarðs í Kjós og það hefur verið mjög gaman að fá að taka þátt í því að skipuleggja og aðstoða við atburði sveitarinnar eins og til dæmis Kátt í Kjós og Þorablótið. Sérstaklega vil ég hrósa Kvenfélagi kjósarhrepps fyrir magnað starf og sú samfélagskennd sem er að finna þar er til fyrirmyndar.

Önnur störf sem ég hef tekið að mér innan sveitarinnar er sem formaður Frístundabyggðar Raðahverfis í landi Háls árin 2012 – 2017.

Mér finnst rekstur hreppsins vera í aðalatriðum á góðum stað en ég tel að miklar breytingar eigi eftir að eiga sér stað á næstu árum með aukinni eftirspurn á lóðum og þeim fjölda ferðamanna sem sækja landið. Auðvitað væri gott að hafa þetta í sama horfinu og síðustu áratugi en nú sjáum við fram á eftirspurn meðal annars varðandi uppbyggingu á hótelum og annarri gistiaðstöðu. Það er því ljóst að verkefni Kjósarhrepps verða ólík þeim sem hreppurinn hefur þurft að venjast á fyrri árum.

Sem faðir tveggja ungra barna velti ég því fyrir mér hvort meira gæti verið gert fyrir fjölskyldufólk hér í sveitinni. Kaffi kjós hefur í raun verið hjartað hér varðandi atburði fyrir börnin eins og til dæmis páskaeggjaleitin og 17. júní sem var í góðu samstarfi við hreppinn. Börnin mín dýrka þetta og ég er mjög þakklátur fyrir starfið sem er unnið á Kaffi kjós og sérstaklega jákvætt þegar hreppurinn og Kaffi kjós leggast á eitt varðandi viðburði. Eitt sem ég hef velt fyrir mér með tilkomu hitaveitunnar er hvort það er raunhæfur möguleiki að setja upp sundlaug í Kjósinni en ég verð að viðurkenna að lítið hefur borið á þeirri umræðu þrátt fyrir að í gegnum sögu lands okkar hafi sundlaug verið samferða flestum hitaveituframkvæmdum.

Með kærri kveðju

Einar Tönsberg

